

6. mál Fundargerð borgarráðs frá 12. nóvember
- 23. liður; Orkuveita Reykjavíkur – útgáfa skuldabréfs

Ólafur F. Magnússon: Forseti, þar sem ég hef hástöfum gagnrýnt langt og skrudugt mál hér í borgarstjórn í dag skal ég reyna að vera snöggur varðandi umfjöllun um þessa borgarráðsliði, en þau mál brenna þó það heitt á mér að ég ætla hér í bókuðu máli að tjá mig um þau. Og það fyrra er 3. liður fundargerðar borgarráðs frá 12. nóvember þar sem ég bóka svohljóðandi, með leyfi forseta:

Bókun:

Á fundi hverfaráðs Háaleitis 3. nóvember sl. kynnti ég fyrir fundarmönnum tillögu sem ég flutti síðar um daginn um umferðaröryggi og hraðahindrandi aðgerðir í Háaleitis- og Bústaðahverfi í Borgarstjórn Reykjavíkur. Í tillögunni var gert ráð fyrir 30 km svæði á Háaleitisbraut allri, á Bústaðavegi frá Háaleitisbraut að Reykjanesbraut, á Réttarholtsvegi öllum og á Stjörnugróf allri.

Sumar aðgerðir í anda þessara tillagna hófust í borgarstjóratíð minni, m.a. vel heppnaður 30 km kafla á Háaleitisbraut norðan Miklubrautar, auk hraðahindrandi aðgerða á Fellsmúla og Réttarholtsvegi.

En eftir að núverandi meirihluti tók skyndilega við stjórnartaumum í borginni var jafn skyndilega skrúfað fyrir allar umferðaröryggisaðgerðir í Háaleitishverfi sem og annars staðar í borginni, en þessar tillögur hafði ég sett á dagskrá eftir fundi mína með íbúum í öllum hverfum Reykjavíkurborgar vorið 2008.

Tillaga mín í borgarstjórn 3. nóvember sl. var svæfð, eins og fjölmargar aðrar tillögur sem ég hef flutt í borgarráði og borgarstjórn á þessu og síðasta ári. Það virðist engin áhrif hafa á meirihlutann í borgarstjórn, þó að hverfisráð Háaleitis að meðtöldum fulltrúum íbúasamtaka Háaleitis- og Bústaðahverfa hafa á fundi sínum fyrr um daginn lýst eindregnum og einróma stuðningi við tillögu mína um hraðahindrandi aðgerðir í Háaleitis- og Bústaðahverfi.

Og síðari bókunin sem ég legg fram vegna fundargerðar borgarráðs frá 12. nóvember sl., forseti, er vegna 18. liðar og bókunin er svohljóðandi, með þínu leyfi hæstvirtur forseti:

Höfðatorgsmálið ber í senn vott um svæsna fyrirgreiðslu pólitík í þágu byggingafélagsins Eyktar og óráðsú allra flokka í borgarstjórn nema F-listans. Það lýsir yfiringilegum skorti á ráðdeildarsemi með almannafé að borgin taki á leigu húsnæði fyrir milligöngu pólitískra fyrirgreiðslumanna í staðin fyrir að nýta vel eigið húsnæði.

Ég legg þetta fram forseti.

Bstj. 17. nóvember 2009

Forseti: Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hefur lokið máli sínu og lagt fram tvær bókanir undir þessum lið borgarráðs. Fleiri hafa ekki kvatt sér hljóðs. Þá er tekinn fyrir 7. liður, er borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson að óska eftir að tala undir borgarráði. Gott og vel. Við erum enn að fjalla þá um fundargerð borgarráðs frá 12. nóvember og Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi hefur beðið um orðið.

6. mál Fundargerð borgarráðs frá 12. nóvember
- 23. liður; Orkuveita Reykjavíkur – útgáfa skuldabréfs

Dagur B. Eggertsson: Forseti, það liggur við að ég biðji um núna ákveðið svigrúm til þess að koma upp undir þessum lið, vegna þess að það mál sem ég ætlaði að nota tækifæri til að spyrja háttvirtan borgarstjóra út í var ekki formlega á dagskrá, þó að fjárhagsáætlun hafi vissulega verið það, en það eru fréttir sem hafa birst í dag þess efnis að Reykjavíkurborg geri 6,3 milljarða kröfu í bú Landsbankans. Ég verð að segja að mér brá nokkuð þegar að ég sá þessa frétt sem birtist í dag á vef Viðskiptablaðsins, vegna þess að þetta eru mun hærri upphæðir en ég hafði áður heyrt og ég gat ekki fundið því stað að það væri gerð grein fyrir, hvorki þessum afföllum né óvissu í ársreikningi Reykjavíkurborgar, sem ég lét færa mér hér rétt í þessu og var að reyna að blaða í.

Það hafði heldur ekki verið kynnt í borgarráði að það stæði til að gera þessa kröfu, þannig að mér er alls ókunnugt um málið og vildi nota tækifærið og reyna að fá það á hreint hvers kyns er. Hvers vegna ekki hafi verið gerð grein fyrir því ef að Reykjavíkurborg telur sig hafa tapað 6,3 milljörðum, þegar munar nú um minna á þessum síðustu og verstu tímum. Já, um þetta mætti hafa mörg orð en ég læt þetta nægja í bili.

Forseti: Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur lokið máli sínu og hæstvirtur borgarstjóri tekur til máls.

6. mál Fundargerð borgarráðs frá 12. nóvember
- 23. liður; Orkuveita Reykjavíkur – útgáfa skuldabréfs

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Þessi frétt var birt eins og borgarfulltrúinn bendir á varðandi þessa 6,3 milljarða í fréttum núna fyrir einum og hálfum tíma eða svo. Og vegna fyrirspurnarinnar; þetta er nú svolítið sérstakt en fjármálastjóri er hér í samtali við borgarlögmann út af því og ég skal bara upplýsa um niðurstöður þess samtals eftir örlitla stund. En þarna er krafan, eins og borgarfulltrúinn bendir á, hærri heldur en það sem við höfum verið að ræða í borgarráði. Og við þekkjum öll þá kröfu sem við höfum gert þar vegna ákveðinna atvika í tengslum við bankahrunið. En ég mun bara biðja um orðið eftir nokkrar mínútur aftur.

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Forseti vill vekja athygli á því að þetta mál er beinlínis ekki á dagskrá, en heimilar samt að þessari fyrirspurn verði svarað sé þess kostur í lok fundarins og opnar fyrir það á þeim vettvangi, og myndi þá heimila borgarfulltrúanum sem var með þessa fyrirspurn að koma upp og svara, og þakka fyrir gott svar væntanlega. Nú, borgarstjóri er kominn með svarið, þetta er bara eins og í keppni og hæstvirtur borgarstjóri tekur til máls.

6. mál Fundargerð borgarráðs frá 12. nóvember
- 23. liður; Orkuveita Reykjavíkur – útgáfa skuldabréfs

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Já, hlutirnir gerast ansi hratt hér. En það virðist vera sem talan sem að er gefin upp þarna í fjölmiðlum sé ekki rétt, hún er hærri en sú sem að við höfum verið að vinna með og ég skal bara tryggja það að borgarlögmaður skrifði minnisblað til borgarráðsmanna, sem að þeim verður sent. En það er einhver misskilningur í þessari frétt að því mínar heimildir herma nú, en borgarráðsfulltrúar fá skýrari svör í gegnum sendingar frá borgarlögmanni.

Forseti: Borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Ég lít svo á að þá sé í raun þessu máli lokið. En forseti ætlar að gefa borgarfulltrúa Degi B. Eggertssyni kost á að segja nokkur orð vegna orða borgarstjóra. Ég vil endilega leggja áherslu á það að við höldum okkur við það efni sem að boðað er í dagskránni.

6. mál Fundargerð borgarráðs frá 12. nóvember
- 23. liður; Orkuveita Reykjavíkur – útgáfa skuldabréfs

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég vil nú þakka fyrir þessi svör og það er mikilvægt að fá þetta skýrt og ég óska nú eftir því að þetta verði lagt fyrir ekki síðar en á næsta fundi borgarráðs, því að fréttin ber með sér býsna nákvæmar heimildir, það er að segja, að það eru listaðar upp kröfur og til hvaða lagagreina er vísað í hverri kröfu fyrir sig. Og þetta eru sem sagt einar fimm kröfur auk þeirra sem þegar hefur verið hafnað af skilaneftdinni. Þannig að fréttin hefur það yfirbragð að þetta sé tekið beint uppúr kröfulýsingargögnum Landsbankans.

Forseti: Án þess að lengja þessa umræðu, sem ég legg til að við gerum ekki, en ég ætla þó að gefa borgarstjóra orðið og hæstvirtur borgarstjóri tekur til máls, vegna þessa sama máls.

6. mál Fundargerð borgarráðs frá 12. nóvember
- 23. liður; Orkuveita Reykjavíkur – útgáfa skuldabréfs

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, takk fyrir það, borgarfulltrúar. Já, það er alveg rétt hjá borgarfulltrúanum. En það er, eins og það sé stillt upp í þessari frétt, eitthvað skrítíð við þessa heildartölu, breytir því þó ekki að það eru líka einhverjar hreyfingar þarna á kröfur sem að tengjast öðrum málum heldur en beint því sem borgarfulltrúinn nefndi. Þannig að ég held að ég láti það vera að útskýra það nákvæmlega til þess að tryggja það að það sé rétt. En ég ítreka það að borgarráðsmenn fá skýr svör við þessu, en virðist vera sem einhver misskilningur sé í heildartölunni, en ég þori ekki að svara því ítarlegar en það núna.

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Umræðu um þennan lið er lokið. Þá er tekinn fyrir næsti liður sem er 7. liður það eru fundargerðir forsætisnefndar frá 6. og 13. nóvember, fundargerð framkvæmda- og eignaráðs frá 2. nóvember, fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs frá 23. október, fundargerð leikskólaráðs frá 4. nóvember, fundargerð menningar- og ferðamálaráðs frá 9. nóvember, fundargerð menntaráðs frá 11. nóvember, fundargerðir skipulagsráðs frá 4. og 11. nóvember, fundargerð umhverfis- og samgönguráðs frá 27. október og fundargerðir velferðarráðs frá 9. og 28. október. Ef enginn óskar eftir að taka til máls, þá er umræðu um þennan lið lokið.